

Greinargerð með fjárhagsáætlun 2026

Skýringar 2026

Styrkir og framlög

Lagt er upp með samskonar styrktarsöfnun og árið 2024 í öllum liðum. Gert er ráð fyrir að ríkisstyrkur, útbreiðslustyrkur og Lottó-ið verði óbreytt frá fyrri árum, en erfitt er að áætla þessa liði.

Við gerum ráð fyrir sömu tekjum samstarfsaðila frá árinu 2024 og rúmlega helmingi hækkun en áætlun 2025 gerir ráð fyrir, vegna meiri umsvifa í afrekssstarfi á sléttu ári.

Við gerum ráð fyrir að styrkur úr afrekssjóði verði 50 milljónir eða hækki um tæpt 1% frá samanburðarhæfu ári. Af 50 milljónunum gerum við ráð fyrir að 5 milljónir verði eyrnamerkir einstaklingum, en sú lína hefur verið lögð hjá ÍSÍ að auka vægi þeirra styrkja. Beinn styrkur til sambandsins yrði því 45 milljónir.

Innlend mót og sýningar

Gert er ráð fyrir að þátttakendum á mótum sambandsins haldi áfram að fjölga, en gert er ráð fyrir um 5% aukningu þátttakenda. Einnig er gert ráð fyrir hærri móta- og dómaragjöldum, þar sem þau munu hækka haustið 2025. Dómarasamningar losna einnig haustið 2025 og því gerir áætlunin ráð fyrir hækkun í dómaragjöldum. Með fjölgun þátttakenda er ekki ólíklegt að keppnishlutum fjölgi og því getur verið að dómarakostnaðurinn hækki meira en gert er ráð fyrir í áætlun, eða að fjöldi þátttakenda verði það mikill að ekki verði þörf að hækka dómaragjöldin líkt og gert var í seinustu samningum. Mismunur af dómarakostnaði og dómaratekjum er samkvæmt áætlun rúm 1,1 milljón en eðlilegt er að hann sé á milli 500 og 700 þúsund eins og síðustu ár.

Gert er ráð fyrir að verðlaunakostnaður haldist svipaður, þrátt fyrir að það sé gert ráð fyrir fjölgandi þátttakendum, þ.e.a.s. að nýtingin haldi áfram að skila sér í lægri heildarkostnaði.

Hlutur félaga á mótagjaldi hækkar í takt við fleiri þátttakendur og hærri mótagjöld. Erfitt er að áætla afslátt mótshaldara á mótagjaldi því það fer eftir fjölda þátttakenda mótshaldara að hverju sinni og það er mismunandi eftir því hver sá mótshaldari er.

Alþjóðleg mót og sýningar

Gert er ráð fyrir fleiri verkefnum í áhaldafimleikum en árið 2024. Ástæðan mismunarins er, að ekki er gert ráð fyrir kostnaði og tekjum sem fylgja skuldajöfnun vegna einstaklingsstyrkja. Samskonar kostnaður myndast á móti tekjunum og því hefur það ekki áhrif á afkomuna þó að hækkun komi til bæði á tekju- og kostnaðarlið.

Hópfimleika megin verður farið á Norðurlandamót unglunga og Evrópumót. Meirihluti af kostnaði Norðurlanda mótsins er rukkaður til þeirra félaga sem að vinna sér þátttökurétt, fyrir utan kostnaðar að senda fararstjóra og dómara á mótið.

Það er gert ráð fyrir að Ísland sendi 5 lið á Evrópumótið líkt og árið 2024. Evrópumótið í hópfimleikum er stórt og kostnaðarsamt verkefni, en vegna staðsetningar mótsins er gert ráð fyrir að flugið sé töluvert ódýrara miðað við 2024.

Þar sem Fimleikasambandið er enn að vinna í samningum vegna fimleikabúninga, er gert ráð fyrir 1,5 milljónum áhalda megin og 2,5 milljónum hópfimleika megin. Því getur verið að þessi kostnaður lækki, þegar samningar hafa náðst.

Námskeið og fræðsluefni

Gert er ráð fyrir að fleiri sæki námskeiðin en árið 2025 en svipað margir og árið 2024. Haustið 2026 mun undanþágureglan um að hvert lið þurfi einungis einn þjálfara með viðeigandi þjálfara, detta úr gildi og því er áætlað að fleiri sæki námskeiðin en 2025.

Áætlun gerir ráð fyrir samskonar kostnaði í liðunum; mat, ferðakostnaði o.s.frv. en það er að sjálfsögðu háð verðlagsþróun. Kostnaður við tækjaleigu/hugbúnað er leiga á Canvas kerfinu en greitt er fyrir hverja kennitölu í kerfinu. Ljóst er að ef þátttaka vex þá mun þessi liður hækka einnig þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir föstum kostnaði.

Ekki er gert ráð fyrir dómaranámskeiðum árið 2026, en það verður haldið dómaranámskeið í öllum greinum haustið 2025.

Það er gert ráð fyrir að þýðing á allri verklegu fræðslunni verði kláruð á árinu 2025, en á árinu 2026 er áætlað fyrir lagfæringum og ef það þarf að þýða meira efni. Einnig er gert ráð fyrir lagfæringu á námsefnisgerðinni, ef þörf er á því.

Leyfiskerfi

Áætlað er að fjöldi iðkenda í hreyfingunni haldi áfram að aukast í línulegum vexti.

Aðrar tekjur

Við reiknum með að aðrar tekjur verði álíka og 2024. Erfitt er að áætla þennan lið þar sem að um er að ræða kostnað sem tilheyrir ekki Fimleikasambandinu.

Rekstrargjöld

Áætlað er að rekstrargjöld muni hækka um rúmar 27,6 milljónir frá 2024. Ástæður hækkunarinnar frá 2024 eru m.a. að það voru starfsmenn í fæðingarorlofi árið 2024 og sambandið var keyrt á þeim starfsgildum sem eftir voru, mótagjöldin hækka í takt við fleiri þátttakendur og þar sem við áætluðum fleiri landsliðsverkefni, hækka gjöldin einnig í þeim lið.

Fimleika Events ehf.

Áætlað er að nýta fyrirtækið í þau verkefni sem falla utan við hefðbundinn rekstur Fimleikasambandsins.

Fjármagnsliðir

Við áætlum að vaxtatekjur haldi áfram að aukast með frekari sjóðssöfnun en á síðasta ári var breytt um aðalreikning sambandsins þannig að auknar vaxtatekjur hljótask af veltufé. Gert er ráð fyrir að hreinar fjármunatekjur árið 2025 verði 2,9 m.kr. en erfitt er að áætla gengismun þar sem hann getur færst úr hagnaði í tap.

Rekstrarhagnaður

Áætlað er að FSÍ verði rekið með 9,6 milljóna tapi árið 2026. En við leggjum til að afgangur ársins 2025 verði notaður í verkefni ársins 2026, en eins og áður hefur komið fram er rekstur FSÍ á sléttu- og oddatölu árum ekki samanburðarhæfur.

Fimleikasambandið mun halda áfram að betrumbæta bókhaldskerfi, sýnileika á gjöldum sambandsins sem og betri upplýsingagjöf til félaganna um fjárhag þess.